

Fundur haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars þriðjudaginn 12.5.2026, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir forstöðumaður.

Björn Arnaldsson setti fundinn.

1. Formaður býður fundarmenn velkomna.
2. Forstöðumaður fylgir stjórn í skoðunarferð um húsnæðið.
3. Bréf frá bæjarritara dags. 28.4.2025. Lagt fram til kynningar.
4. Sigrún kynnir umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra.
 1. Sótt var um endurnýjun á sjúkrakallkerfi kr. 2.076.000, og um stýrikerfi lyftu kr. 3.066.000,-. Báðar umsóknir voru samþykktar.
5. Sigrún fer yfir yfirlit um rekstur, starfsmannamál ofl.
 1. Reksturinn er góður. Búið að manna sumarið og nýlega var aukið við mönnun á næturvöktum. Nýting var 100% í hjúkrunarrýmum árið 2025.
6. Viðhald húsnæðis árið 2026. Húsnæðið verður málað í sumar að utan og áfram verður skipt um gólfefni. Frekari ákvarðanir um viðhald verða teknar eftir niðurstöður á viðræðum við ríkið um eignarhald á húsnæðinu.
7. Björn kynnir ársreikning ársins 2025. Hagnaður ársins var 54,4 milljónir. Eignfærðar framkvæmdir voru 31 milljón. Stjórn fagnar góðri niðurstöðu.
8. Önnur mál.
 1. Björn ræðir skilti á bílplani. Lagt er til að skiltum verði snúið.
 2. Sigrún segir frá því að von er á nýjum stólum í matsalinn.
 3. Sigrún segir frá fræðsluáætlun fyrir starfsmenn frá Akademies.

Björn formaður þakkar stjórnarmönnum og forstöðumanni sérstaklega fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu og slítur fundi kl. 14.10.

Fundargerð ritaði: Helga Valdís Guðjónsdóttir

Björn Arnaldsson
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir